

Alþingi

Nefndasvið (nefndasvid@althingi.is)

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 19. október 2015.

Sent með tölvupósti.

Efni: Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um 19. mál, þskj. 19, 145. löggjafarþing, Frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum nr. 140/2012 (kaup á vörum og þjónustu)

I. Um þingmálið

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur farið yfir þingmálið og telur tilefni til að vekja athygli á nokkrum atriðum, m.a. því að frumvarpið gæti skarast að einhverju leyti við ákvæði samkeppnislaga, einkum 10. gr. laganna.

II. Athugasemdir við 1. grein frumvarpsins

Við yfirferð málsins telur laganefnd rétt að vekja athygli á eftirfarandi:

- Gildissvið upplýsingalaganna er afmarkað í 2. gr. laganna og heppilegra að styðjast við þá afmörkun í stað þess að endurtaka afmörkun að hluta í nýju ákvæði.
- Laganefnd sér ekki að rök standi til þess að einungis undantekningarákvæði 10. gr. upplýsingalaga eigi við um nýja grein en ekki önnur undantekningarákvæði 6.-9. gr. þeirra.
- Laganefndin telur, eftir að hafa leitað álits sérfræðinga, að frumvarpið skarist eftir atvikum við samkeppnislög nr. 44/2005, nema undanþága 10. gr. upplýsingalaga verði túlkuð þannig að undir almannahagsmunum sem þar eru nefndir falli þeir almannahagsmunir sem felast í virkri samkeppni. Í 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga er að finna almennt bann við öllum samningum og samskiptum milli keppinauta sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að samkeppni sé á einhvern hátt raskað. Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið nánar á um til hvaða aðgerða bann 1. mgr. tekur til. Þegar keppinautar skiptast á upplýsingum um verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör er almennt litið svo á að það geti fallið undir bannreglu 10. gr. Þrátt fyrir að frumvarpið geri

LAGANEFND L.M.F.Í.

ekki ráð fyrir beinum upplýsingaskiptum milli keppinauta felst það auðvitað í því að opinberir aðilar sem geta verið í samkeppnisrekstri þurfi að gefa upp upplýsingar sem kunna að falla undir bannreglu 10. gr. samkeppnislaga. Þau skaðlegu áhrif sem slík upplýsingaskipti geta haft eru aðallega þau að fyrirtæki geta með slíkar upplýsingar í höndunum séð fyrir hegðun hvers annars á markaði og samhæft hegðunina. Þannig er í samkeppnisrétti gengið út frá því að upplýsingaskipti taki út þá óvissu um hegðun keppinautarins, sem talin er nauðsynleg fyrir virka samkeppni. Raunar gæti þessara áhrifa einnig gætt á næsta þjónustu/sölustigi fyrir ofan.

- Að lokum vill laganefnd benda á að viðmiðin virðast eftir atvikum ekki alls kostar skýr og geta verið flókin og tímafrek í framkvæmd. Einfaldara gæti verið að upplýsa um þetta á ársgrundvelli.

Laganefnd LMFÍ leggur til að þingmálið verði skoðað betur með tilliti til samkeppnislaga og þess regluverks sem gildir á sviði samkeppnisréttar.

Fulltrúar laganefndar LMFÍ eru reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar LMFÍ

Hildur Ýr Viðarsdóttir hdl.

Stefán A. Svensson hrl.